

Alþingi
Erindi nr. P 130/2402
komudagur 11.5.2004



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Alþingi
Allsherjarnefnd
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. maí 2004
Tilvísun: 2004040261 SJ/--

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 27. apríl sl., hefur Persónuvernd fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um milliliðalaust lýðræði, sbr. þskj. nr. 906, mál nr. 600.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að sett verði á stofn nefnd sem kanni möguleika á að þróa milliliðalaust lýðræði og kosti rafrænna aðferða við framkvæmd þess. Hún kanni einnig hvernig hægt er að nota netið til að þróa milliliðalaust lýðræði og hafi þar að leiðarljósi öfluga persónuvernd við framkvæmd kosninga og þjóðaratkvæðagreiðslna á netinu, sbr. 1. mgr. hennar.

Að mati Persónuverndar er efni þingsályktunartillögunnar í senn framsækið og áhugavert. Aftur á móti telur stofnunin að hugmyndir í þá átt að virkja netið í þágu milliliðalauss lýðræðis vekji upp ýmsar spurningar varðandi öryggisráðstafanir og önnur atriði er lúta að persónuvernd og tryggri meðferð persónuupplýsinga. Eftirfarandi umsögn Persónuverndar snýr eingöngu að helstu álitaeftum í þessu sambandi.

Telja verður að *leynilegar* kosningar séu forsenda fyrir frjálsum lýðræðiskosningum, sbr. áskilnað 5. og 31. gr. stjórnarskrárinnar þess efnis varðandi forseta- og Alþingiskosningar. Sömu sjónarmið hljóta að eiga við varðandi hugmyndir um milliliðalaust lýðræði. Verður því skilyrðislaust að gera sömu kröfu um leynd í rafrænum kosningum og öðrum kosningum. Þannig þarf að tryggja að ekki verði með nokkru móti mögulegt að rekja atkvæði sem greidd verði með rafrænum hætti til ákveðinna einstaklinga, m.ö.o. tryggja ber ópersónugreinanleika greiddra atkvæða. Að mati Persónuverndar verður þessu markmiði ekki náð með því að dulkóða tölvusamskipti og efni umræddra skeyta, þ.e.a.s. hin rafrænt greiddu atkvæði, heldur þyrfti sá hugbúnaður sem notaður yrði að vera þannig uppbyggður að ómögulegt væri með öllu að rekja atkvæði s.s. til einstakra heimilistölva. Verði unnt að gera þetta verður ekki séð að rafrænar kosningar geti haft í för með sér hættu gagnvart friðhelgi einkalífs.


Af greinargerðinni, sem fylgir nefndri tillögu til þingsályktunar, verður hins vegar ekki ráðið

með hvaða hætti fyrirhugað er að útfæra hugmyndina um milliliðalaust lýðræði í framkvæmd. Nefnt er að með milliliðalausum lýðræði í gegnum netið megi draga úr því óhagræði sem fylgir því að mæta á kjörstað vegna tíðra kosninga. Virðist þá vera gert ráð fyrir því að einstaklingar greiði atkvæði í gegnum netið úr sínum einkatölvum. Hins vegar er atkvæðagreiðslan sem fram fór um framtíð Reykjavíkurlflugvallar tekin sem dæmi um milliliðalaut lýðræði í framkvæmd, en í því tilviki þurftu kjósendur að mæta á kjörstað og greiða atkvæði í tölvum sem til þess voru ætlaðar.

Persónuvernd telur rétt að gera skýran greinarmun á þessu tvennu. Með síðarnefndu aðferðinni er tiltölulega auðvelt að búa svo um hnútana að atkvæði verði ekki rakin til einstakra kjósenda. Sé á hinn bóginn gert ráð fyrir því að kjósendur geti greitt atkvæði úr sínum heimilistölvum sínum í gegnum netið þarf að koma mun skýrar fram með hvaða hætti fyrirhugað sé að tryggja ópersónugreinanleika greiddra atkvæða. Persónuvernd er ekki kunnugt um tilvist hugbúnaðar sem nota megi fyrir rafrænar kosningar í gegnum netið, sem bæði tryggi ópersónugreinanleika greiddra atkvæða og útiloki möguleikann á því að hver kjósandi geti kosið oftari en einu sinni. Persónuauðkenning kjósendans er enda óhjálkvæmlegur þáttur í sérhverjum lýðræðislegum kosningum.

Samkvæmt framansögðu telur Persónuvernd að ekki verði tekin afstaða til milliliðalauss lýðræðis, í ljósi einkalífsverndar, nema fyrir liggi mótaðar hugmyndir annars vegar um leiðir til að tryggja ópersónugreinanleika greiddra atkvæða og hins vegar um leiðir til að hindra að hver kjósandi geti ekki kosið oftari en einu sinni. Telur stofnunin nauðsynlegt að framkvæmd rafræna kosninga styðjist við skýr lagafyrirmæli og að slíkt kosningafyrirkomulag verði ekki tekið upp nema að undangenginni ítarlegri könnun á öryggi þess.

Virðingarfyllt



Björn Geirsson